

VINNUHEFTI

ANNA DÓRA ANTONSDÓTTIR

BRENNAN *á* **FLUGUMÝRI**



*Elisabet Kolbrá Úlfarsdóttir
og Mio Storåsen myndskreyttu*

Vinnuhefti

Höfundur: Anna Dóra Antonsdóttir

Myndskreyting: Elísabet Kolbrá Úlfarsdóttir og Mio Storåsen

Espólín forlag ehf 2020

www.espolin.is

espolin@espolin.is

Til kennara:

Brennan á Flugumýri er lestrarbók ætluð mið- og efstastigi grunnskóla. Einnig hentar hún vel fyrir starfsbrautir framhaldsskóla og víðar. Rafræn vinnubók fylgir. Um er að ræða verkefni með áherslu á lesskilning og orðaforða. Bókin er líka ágæt til notkunar í Íslandssögu, þar sem fjallað er um Þjóðveldisöld.

Vinnuhefti er vistað sem **pdf skjal á heimasíðu Espólíns** www.espolin.is en sent í skóla sem word skjal þannig að því má breyta að vild, lengja, stytta, bæta við, prenta út, eyða línnum, breyta letrurgerð og stærð. Allt eftir því hvað hentar hverjum og einum nemanda og / eða kennara.

Til nemenda:

Nú rifjum við upp og hugsum um:

-hvað þú manst úr sögunni

-hvaða gagn þú hafðir af lestrinum

-merkingar orða og orðasambanda

-hvað þú vilt segja um efni sögunnar, t.d. um líf Íslendinga á Sturlungaöld (13. öld)

Þú getur einnig aflað þér þekkingar um bækur sem skrifaðar voru á 13. öld, nefna má Njálu og Egilssögu. Þá getur þú velt fyrir þér ófriðnum sem ríkti á þessum tíma og hvers vegna menn voru að berjast. Þú getur líka borið saman lífið þá við líf okkar nú, bæði hér á Íslandi og í fleiri löndum. Þegar um orðskýringar er að ræða má hvetja til að nota orðabækur og/eða hr. Google, snara.is eða spyrja kennarann.

Brennan á Flugumýri - verkefni

Hér sérðu kort af Íslandi.



Finndu Skagafjörð á kortinu. Merktu inn Flugumýri og Kirkjugrund samkvæmt kortinu á bls. 10 í lestrarbókinni. Getur þú staðsett fjallið Glóðafeyki á kortinu?

Kaflar 1 - 5

1. Hvernig finnst þér lýsingin á manninum sem fjölskyldan hittir á Kirkjugrund? Hvernig varð hann svona í útliti?

2. „Dísa litla varð frelsinu fegin“ (sjá bls 4). Var Dísa að losna úr fangelsi? Ef ekki, úr hverju var hún að losna?

3. Konan þurfti að taka upp eld, hvað ætlaði hún að fara að gera? Hvernig vinnum við samsvarandi verk í dag?

4. Hvað heitir maðurinn sem fjölskyldan hitti á Kirkjugrund?

5. Fólkið notaði hesta til að flytja frá Eyjafirði til Skagafjarðar. Hvernig förum við að í dag?

6. Rifjaðu upp nöfn heimilisfólks á Kirkjugrund. Þú getur líka litið á bls. 11, þar eru þau talin upp.

7. Í 4. kafla er **koppur** til umræðu. Hefur þú einhvern tímann notað svoleiðis ílát? Til hvers?



Kaflar 6 – 10

8. **Vofa** er andi dáins manns, stundum kallað draugur. Krakkarnir á Kirkjugrund trúðu því að vofur væru til. Trúir þú á vofur? Kanntu nokkra draugasögu?

9. Reyndu að útskýra orðin:

glettinn

mannskæður

snúðugur

10. Skrifaðu fáein orð um Hákon gamla Noregskonung og hvernig hann tengdist sögu okkar Íslendinga. Notaðu Google.

11. Lýstu Þuríði Sturludóttur húsfreyju á Möðruvöllum í Eyjafirði eins og hún kemur þér fyrir sjónir í kafla 10.

Kaflar 11-15

12. Menn sem sátu á leiðum í kirkjugarðinum hurfu skyndilega (kafla 11). Hvað varð af þeim og hvað var þarna á ferð að þínu mati?

13. Öskur frá fjöllum heyrast oft á undan stórtíðindum (fréttum), sagði Kollur gamli. Hvers konar fréttu var að vænta? Ef fjall öskrar nú á tímum, hvað gæti það boðað?

14. Í kafla 14 er rætt um veislumat í brúðkaupi. Þekkir þú þær tegundir matar sem taldar eru upp?

15. Hvað er á borðum í brúðkaupsveislum í dag? Eða öðrum veislum?

16. Ef þú ákveður að giftast/kvænast, hvað ætlar þú að hafa í þinni brúðkaupsveislu?

17. Krakkarnir á Kirkjugrund fengu graut úr byggi og slátursneið. Hefur þú smakkað slíkt? Kannski eitthvað líkt hafragraut?

18. Hvað veistu á þessum tímapunkti um Flugumýrabrennu? Ef þú veist lítið skaltu prófa að gúggla.

19. Í brúðkaupinu á Flugumýri var fólki skipt eftir kynjum, sérstök karlastofa og kvennastofa. Hvers vegna var þetta gert? Er þetta gert í veislum enn þann dag í dag?



Kaflar 16-20

20. Pabbi heldur að Palli hafi átt eitthvað ósagt. Hvað getur það verið?

21. Sturla, pabbi Ingibjargar er að fara aftur heim til sín, vestur í Dali. Hvar eru Dalirnir? Merktu á kortið á bls. 2 í vinnuhefti.

22. Hvað merkja orðin:

grön _____ (sbr. Kolbeinn *grön*)

hjú _____

grið _____

Mundu hr Google

23. Í 18. kafla þarf Ísleifur að járna hesta sína. Hvaða verk er það? Hvað heita járnin og til hvers er yfirleitt verið að járna hesta?

24. Láki litli þarf að pissa og pissar bak við hurð. Mátti hann það? Hvar pissaði fólk á þessum tíma (fyrir ca 750 árum)? Voru klósettin eitthvað öðruvísi en þau eru í dag? Hvað dettur þér í hug? Leitaðu svara ef þú hefur þau ekki.

25. Hvað er í uppsiglingu á Flugumýri á þegar kafla 20 lýkur?

Kaflar 21-25

26. Dóri ætlar ekki að elta rollurassa þegar hann verður stór. Hvað ætlar hann að gera?

27. Í kafla 21 er minnst á Örlygsstaðabardaga sem háður var 1238. Leitaðu þér upplýsinga um þann bardaga.

28. Hvað eru **kólguský** og **hríðarbakkar**? Hvað boða slík fyrirbæri?

29. Í kafla 22 kemur fram að Palli og mamma eru í fjósi, þ.e. þau eru að mjólka kýrnar. Gerðu samanburð á því að handmjólka kýr, mjólka með vélum eða í róbótafjósum eins og nú eru víða komin.



30. Hvers konar **dauðaleit** fór fram á Kirkjugrund þennan vetrardag sem gestir úr Eyjafirði stoppuðu við? Hvernig endaði sú leit?

31. Teldu upp þá þrjá syni Gissurar Þorvaldssonar sem staddir voru á Flugumýri í þessu sögulega brúðkaupi.

32. Hvað var Ingibjörg Sturludóttir gömul?

33. Gróa sagði við Ingibjörgu: -Eitt skal yfir okkur báðar ganga. Hvað átti hún við með þessum orðum?

Kaflar 26-30

34. Hvað merkir orðið **pyngja**?

35. Gissur gaf Gróu tvo hringa sem hann geymdi í pyngju sinni. Í hvaða tilgangi gerði hann það?

36. Láki og Palli fóru inn í skyrbúrið. Hvað heldur þú að skyrbúr sé?

37. Sagan af Gissuri í sýrukerinu er fræg saga. Hvernig fór fyrir honum og hvernig heldur þú að honum hafi liðið?

38. Reykurinn af brennunni sást víða í Skagafirði. Reyndu að setja inn á kortið á bls. 2 þá staði sem nefndir eru í kafla 28.

39. Hver tók Gissur að sér þegar hann loks komst úr búrinu og í kirkjuna?


40. Palli varð hræddur þegar hann skildi að faðir hans hefði farist í brunanum. Hvað óttaðist hann?

41. Hversu margir dóu í brunanum? Nefndu nokkur nöfn.

42. Mikil eyðilegging varð líka í brennunni. Hvað eyðilagðist helst?

43. Brennumenn voru þeir nefndir sem kveiktu í húsunum. Hvað varð um þá?

44. Hvað gerði Gissur í framhaldinu? En Eyjólfur ofsi?



Kaflar 31-33

45. Lýst er jólaundirbúningi á Kirkjugrund. Hvernig fór hann fram?

46. Kannast þú við eitthvað úr þessari lýsingu? Hvernig er undirbúningi jóla háttað á þínu heimili?

47. Jólabaksturinn á Kirkjugrund endaði illa. Hvað gerðist?

48. Valdi gamli átti jörðina Kirkjugrund. Hver eignaðist hana að lokum?

Hér koma tillögur að verkefnum, nú skaltu velja þér eitt eða fleiri til að skrifa stutta ritgerð.

Tillögur:

a)

Sögumaðurinn. Hafðu í huga: Sögumenn eru fleiri en einn. Hverjir eru þeir og á hvaða aldri? Er textinn mismunandi eftir því hver er að segja söguna? Hvernig tekst þeim að koma atburðunum frá árinu 1253 til skila?

b)

Vopn og verjur. Hafðu í huga: Hvers konar vopn voru notuð á 13. öld? Voru til byssur? Reyndu að finna upplýsingar um vopn og verjur þessara tíma. Hefur þú séð einhver gömul vopn, t.d. á söfnum? Lýstu sverðum, spjótum og skjöldum. Teiknaðu mynd ef þú kemst í vandræði.

c)

Húsbruni. Hafðu í huga: Það er alltaf alvarlegt mál þegar hús brenna. Heldur þú að brennumenn á Flugumýri hafi áttað sig á alvarleika málsins? Hver er þín skoðun á húsbrennunni á Flugumýri. Gátu þeir gert eitthvað annað? Þekkir þú til húsbruna af eigin raun eða gegnum fréttir í fjölmiðlum?

